

KLETTSLAUG, Reykholtisdal

6/8 1953

Vatn:

Rennsli 0,24 lítr/sek.  
Hámarkshiti 68°C  
Hiti vatnsins, sem rann úr lauginni  
var 62,5°C  
Veður: Logn, hiti 16°, þurrt

Hallamæling (lausleg):

Sé vatnsborð Reykjadalársar undan bústað Hermanns Jónas-  
sonar, ráðherra, skráð í kóta 0 (þ.e.a.s. vatnsborð 6.ág.1953),  
fást eftirfarandi hæðar-niðurstöður:

Reykjadalsá	0,0 m
Hjá girðingu	5,75 m
Pípuendi (efri)	11,75 m
Hússökkulsbrún (gólf)	12,40 m
Barmur skurðar, sunnan vegar	11,60 m
Botn skurðar, " "	9,90 m
Vegur	12,15 m
Barmur skurðar, norðan vegar	11,60 m
Botn skurðar " "	9,80 m
Laug, vatnsborð	11,40 m
Lækur hjá laug	11,05 m
Laugarbarmur (nálægt)	11,80 m

Lengdarmæling:

1. lína: Frá ánni og upp á bakka	7 m
- - - - - að girðingu	11 m
- - - - - að húsi	38 m
2. lína: Frá húsi að skurði s.vegar	80 m
- - - - - vegi	120 m
- - - - - laug	305 m

-----

Ætlunin er að nota laugina til hitunar á bústaðnum, sem  
er einlyftur.

Að bæjarhúsum Kletts er fengin nokkur reynsla af upphitun  
með laugarvatni við áþekkar aðstæður og eru hjá Hermanni.

Vatnið er leitt úr svo nefndri Stekkjarlaug í vel einangraðr  
járnpípu ofanjarðar um 330 m leið í þró í brekkunni milli bæjar-  
húsa og árinna. Úr þrónni er hringlögð um húsið. Vatni er svo  
dælt (með handdælu) úr þrónni upp í eldhús hússins eftir þörfum.

Í dag, 6. ágúst, var rennsli og hiti þessi:

Rennsli úr þró	0,38 lítr/sek
Hití í laug	79°
Hití vatnsins, sem rann úr þrónni	69°

Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun að sögn Einars bónda. Hæð hringlagnar er 6-7 metrar, en vatninu dælt vart svo hátt (húsið er tvær hæðir).

Verði útbúin áþekk þró við bústað Hermanns Jónassonar, yrði hún að koma ofan girðingarinnar (sjá mælinguna hér að framan).

Tel æskilegt á þessu stigi málsins að verkfr. jarðborana geri grein fyrir, hvaða hiti megi vænta í bústaðnum og hvernig lögnum verði bezt og haganlegast komið fyrir.

Ath. framkvæmdir munu hafnar um eða eftir næstu helgi.

p.t. Kletti 6. ágúst 1953

Sigurjón Rist